



Farsóttufréttir

Fréttabréf sóttvarnalæknis

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknis

Ný sóttvarnalög

Ný sóttvarnalög taka gildi 1. september 2026 og leysa þá af hólmi sóttvarnalög frá árinu 1997. Gömlu lögin hafa þjónað mikilvægu hlutverki í nærri þrjá áratugi og verið grundvöllur sóttvarna hér á landi, meðal annars við vöktun skráningarskyldra smitsjúkdóma, bólusetningar, viðbrögð við farsóttum og ráðgjöf og leiðbeiningar til heilbrigðisþjónustu og almennings.



Reynslan af hópsýkingum og farsóttum, auk breyttra alþjóðlegra skuldbindinga og nýrra áskorana, hefur þó sýnt að þörf er á skýrari, nútímalegri og heildstæðari löggjöf. Sérstaklega var horft til reynslunnar af COVID-19 faraldrinum, þar sem reyndi á stjórnslu sóttvarna, lagaheimildir til opinberra sóttvarnaráðstafana, upplýsingagjöf til almennings og jafnvægið milli verndar almannaheilla og réttinda einstaklinga.

Markmið sóttvarna breytist ekki. Markmiðið er áfram að vernda líf og heilsu fólks og samfélagið allt gegn smitsjúkdómum og annarri heilsuvá sem fellur undir lögin og getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir almenning. Nýju lögin setja þetta markmið fram með skýrari hætti og leggja meiri áherslu á undirbúning, samhæfingu, gagnsæi, jafnræði og meðalhóf þegar grípa þarf til ráðstafana.

Efni	Bls.	Ritstjórn	Embætti landlæknis Sóttvarnalæknis
Ný sóttvarnalög.....	1	Fannar G. Gissurarson, ritstjóri	Kamilla S. Jósefsdóttir
Bráð ógn við lýðheilsu sem varðar þjóðir heims - PHEIC	4	Guðrún Aspelund, sóttvarnalækni, ábm.	Marianna Þórðardóttir
Skissum sýklalyfjaónæmi	7	Anna Margrét Guðmundsdóttir	Rebekka A. K. Valberg
		Anna Margrét Halldórsdóttir	Sólveig B. Einarsdóttir
		Elín Hrönn Ólafsdóttir	Svava Dögg Jónsdóttir
		Júlíana Héðinsdóttir	
			Katrínartúni 2 105 Reykjavík S. 510 1900 mottaka@landlaeknir.is www.landlaeknir.is

Skýrari stjórnarsýsla og ábyrgð

Í gömlu lögunum var kveðið á um að embætti landlæknis bæri ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn ráðherra og að sóttvarnalæknir starfaði við embættið. Í nýju lögunum er staða sóttvarnalæknis skýrð frekar. Ráðherra skipar sóttvarnalækni til fimm ára í senn og sóttvarnalæknir starfar innan embættis landlæknis en ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn ráðherra. Þetta skýrir betur ábyrgðarlínur þegar taka þarf ákvarðanir sem varða almannaheill og samfélagið allt.

Hlutverk sóttvarnalæknis er áfram að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir, fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma, veita ráðgjöf, miðla upplýsingum og gera tillögur um viðbrögð þegar þörf er á. Í nýju lögunum eru verkefni þó sett fram á skýrari hátt, meðal annars skýrari rammi um smitrakningu, aukin ábyrgð á öryggisbirgðum, vöktun sýklalyfjaónæmis og ákvörðunum um hvaða ónæmisaðgerðir skuli vera í boði hverju sinni.

Ný farsóttanefnd og aukin samhæfing

Eitt af því sem breytist er að ný farsóttanefnd kemur til sögunnar. Henni er ætlað að styðja við mat og ákvarðanir þegar alvarleg ógn steðjar að samfélaginu vegna smitsjúkdóms. Þetta er mikilvægt vegna þess að viðbrögð við farsóttum snúast sjaldan aðeins um heilbrigðisþjónustu. Þau geta einnig varðað skóla, vinnustaði, samgöngur, landamæri, félagslega þjónustu, löggæslu og almannavarnir.

Með farsóttanefnd er ætlunin að skapa breiðari faglegan vettvang þegar leggja þarf til víðtækar aðgerðir sem geta haft áhrif á samfélagið allt, svo sem samkomutakmarkanir, lokanir, skimanir eða aðrar ráðstafanir vegna samfélagslega hættulegs sjúkdóms. Þannig er ákvarðanatáka studd fjölbreyttari sérþekkingu, án þess að draga úr þörf fyrir skjót viðbrögð þegar hætta steðjar að.

Nýju lögin leggja áherslu á samstarf milli stofnana. Þar er sérstaklega fjallað um samvinnu sóttvarnalæknis við umdæmislækna sóttvarna, heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisnefndir, Matvæla- stofnun, ríkislögreglustjóra vegna almannavarna og Landspítala vegna sóttvarnaráðstafana. Með þessu er betur tryggt að réttir aðilar komi að málum þegar bregðast þarf hratt við.

Skýrari reglur um réttindi, skyldur og ráðstafanir

Nýju lögin fjalla með skýrari hætti um skyldur einstaklinga, lögaðila og heilbrigðisstarfsmanna. Einstaklingar eiga eins og áður að sýna varúð vegna smitsjúkdóma. Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar eiga jafnframt að haga starfsemi þannig að dregið sé úr smithættu eftir því sem hægt er.

Lögin tilgreina hvaða ráðstafanir geta komið til greina þegar hætta er á útbreiðslu smits. Þar má nefna heilbrigðissskoðun, einangrun, sóttkví, smitrakningu, skimun, takmarkanir á samkomum og ráðstafanir á landamærum. Mikilvægt er að slíkar ráðstafanir þurfa að byggjast á mati á aðstæðum hverju sinni og skulu ekki ganga lengra en nauðsynlegt er. Þannig er lögð áhersla á jafnvægi milli verndar almannaheilla og réttinda einstaklinga.

Nýju lögin leggja einnig aukna áherslu á upplýsingagjöf og gagnsæi. Þegar opinberar sóttvarnaráðstafanir eru settar á þarf að miðla upplýsingum til almennings með skýrum og skiljanlegum

hætti, eftir atvikum á fleiri tungumálum og á barnvænu máli þegar upplýsingar beinast að börnum. Ráðherra ber jafnframt að upplýsa og rökstyðja ákvarðanir um opinberar sóttvarnaráðstafanir fyrir velferðarnefnd Alþingis, sem styrkir eftirlit og lýðræðislega aðkomu.

Landamæri, ferðalög og alþjóðlegt samstarf

Í nýju lögunum eru ákvæði um sóttvarnaráðstafanir á landamærum útfærð nánar. Þar er meðal annars fjallað um hvaða upplýsinga má óska eftir frá ferðamönnum, hvenær heilbrigðis skoðun getur komið til greina og hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi ef grípa á til frekari aðgerða. Þetta tengist alþjóðlegum skyldum Íslands og þeirri staðreynd að smitsjúkdómar virða ekki landamæri.

Nýju lögin gera einnig ráð fyrir að hægt sé að innleiða reglur Evrópusambandsins á sviði sóttvarna í samræmi við EES-samninginn. Það skiptir máli fyrir Ísland, því sóttvarnir byggja í vaxandi mæli á alþjóðlegu samstarfi, sameiginlegri vöktun, upplýsingamiðlun og samræmdum viðbrögðum.

Farsóttaskrá, upplýsingar og persónuvernd

Eftirlit með smitsjúkdómum byggist á öruggum og áreiðanlegum upplýsingum og gögnum. Í gömlu lögunum var fjallað um smitsjúkdómaskrá, en í nýju lögunum er talað um farsóttaskrá. Farsóttaskrá tekur til sjúkdóma, sjúkdómsvalda, atburða, ónæmisaðgerða, sýklalyfjanotkunar og skimana. Tilgangurinn er að styðja við sóttvarnastarf, greina breytingar í útbreiðslu sjúkdóma og gera stjórnvöldum kleift að bregðast tímanlega við.

Um leið er lögð áhersla á trúnað, öryggi og persónuvernd. Það skiptir máli, því í sóttvörnum getur þurft að vinna með viðkvæmar heilsufarsupplýsingar, en slíkt þarf ávallt að gera með skýrum tilgangi og viðeigandi öryggi.

Rannsóknastofur og öryggisbirgðir

Nýju lögin fela einnig í sér skýrari ákvæði um rannsóknastofur sem greina smitsjúkdóma. Rannsóknastofur sem rannsaka sýni frá sjúklingum með sjúkdóma sem lögin taka til skulu hafa starfsleyfi sóttvarnalæknis. Sóttvarnalæknir getur einnig falið tilteknum rannsóknastofum að sinna mikilvægum greiningum eða fylgjast með ónæmisástandi gegn smitsjúkdómum. Þetta styrkir gæði, samræmingu og viðbúnað í greiningu smitsjúkdóma.

Þá er sérstaklega fjallað um öryggisbirgðir lyfja, lækningatækja og annars nauðsynlegs búnaðar til að bregðast við heilbrigðis-ógnum sem lögin taka til. Reynslan hefur sýnt að aðgengi að slíkum birgðum getur skipt miklu máli þegar faraldur eða önnur ógn kemur upp.



Nútímalegri rammi fyrir sóttvarnir

Í stuttu máli má segja að nýju sóttvarnalögin feli ekki í sér gjörbreytingu heldur séu skýrari og nútímalegri ramma utan um þær. Þau styrkja stöðu og hlutverk sóttvarnalæknis, skýra ábyrgð stjórnvalda og stofnana, bæta ákvæði um samhæfingu, upplýsingagjöf, rannsóknir, landamæri og viðbúnað og leggja áherslu á aðgerðir sem eru gagnreynar, nauðsynlegar og í samræmi við jafnræði og meðalhóf.

Fyrir almenning þjóðir þetta fyrst og fremst að sóttvarnir eiga að vera betur undirbúnar, betur samhæfðar og skýrari þegar á reynir. Markmiðið er það sama og áður: Að vernda heilsu fólks og samfélagsins alls, gegn smitsjúkdómum og sjúkdómsvöldum sem lögin taka til, með eins markviss- um og réttlátum hætti og unnt er.

- [Sóttvarnalög nr. 19/1997](#)
- [Ný sóttvarnalög nr. 40/2026](#), samþykkt á Alþingi 21. apríl 2026 og taka gildi 1. september 2026.

Bráð ógn við lýðheilsu sem varðar þjóðir heims - PHEIC

Bráð ógn við lýðheilsu sem varðar þjóðir heims kallast á ensku *Public Health Emergency of International Concern* eða PHEIC. Hugtakið er skilgreint í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (International Health Regulations, IHR), sem er alþjóðlegt regluverk á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO. Markmið alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar er að styrkja viðbúnað ríkja, greina atburði tímanlega sem geta haft áhrif á lýðheilsu og samræma viðbrögð þegar hætta getur borist milli landa.

Samkvæmt WHO er PHEIC óvenjulegur eða óvæntur atburður sem getur skapað hættu fyrir önnur ríki vegna útbreiðslu sjúkdóms þvert á landamæri og kallað á samstillt alþjóðlegt viðbragð. Slíkur atburður er yfirleitt alvarlegur, skyndilegur, óvenjulegur eða óvæntur, getur haft áhrif út fyrir landamæri þess ríkis þar sem hann kemur upp og getur krafist tafarlausra alþjóðlegra aðgerða.



Yfirlýsing um PHEIC er ekki sjálfkrafa mat á því að hætta sé mikil í öllum ríkjum heims. Hún er fyrst og fremst alþjóðlegt viðvörðun- og samhæfingartæki. Með henni getur WHO vakið athygli ríkja á alvarlegri stöðu, gefið tímabundnar ráðleggingar og hvatt til samræmdra aðgerða, til dæmis varðandi vöktun, greiningu, upplýsingagjöf, sóttvarnir, heilbrigðisþjónustu og alþjóðlegt samstarf.

Í breytingum sem gerðar hafa verið á alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni hefur einnig verið skilgreint nýtt stig alþjóðlegrar viðvörðunar sem kallast *pandemic emergency* eða neyðarástand vegna heimsfaraldurs. Það er ekki óháð PHEIC í sjálfu sér, heldur sérstakt alvarlegra stig innan PHEIC. Með öðrum orðum þarf atburður fyrst að uppfylla skilyrði PHEIC, en getur jafnframt talist *pandemic emergency* ef hann stafar af smitsjúkdómi og hætta er á að hann verði að heimsfaraldri, eða hann er þegar orðinn heimsfaraldur, með víðtæk áhrif á heilbrigðiskerfi og samfélög.

Munurinn er því sá að PHEIC er víðara hugtak og getur átt við margs konar atburði sem geta ógnað lýðheilsu þvert á landamæri og kallað á samstillt alþjóðlegt viðbragð. Neyðarástand vegna heimsfaraldurs er þrengra og alvarlegra stig sem á aðeins við þegar smitsjúkdómur hefur, eða gæti fengið, umfang og áhrif heimsfaraldurs. Tilgangurinn með PHEIC er því að kalla fyrir á öflugri alþjóðlega samhæfingu, meðal annars um vöktun, viðbrögð, aðgengi að heilbrigðisbúnaði og stuðning við ríki sem standa höllum fæti.

Ríki sem eru aðilar að alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni ber að meta og tilkynna WHO um atburði sem geta mögulega talist bráð ógn við lýðheilsu sem varðar þjóðir heims. Sumir sjúkdómar eða atburðir eru þess eðlis að þá þarf alltaf að tilkynna WHO samkvæmt reglugerðinni. Þar má nefna bólusótt, mænusótt af völdum villtrar mænusóttarveiru, heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu (SARS), og inflúensu í mönnum af völdum nýrrar undirtegundar inflúensuveiru. Einnig þarf að tilkynna aðra atburði sem geta mögulega uppfyllt skilyrði PHEIC, jafnvel þótt ekki sé fyrirfram ljóst hversu alvarleg staðan verði.

Ákvörðun um hvort lýsa eigi yfir PHEIC er tekin af framkvæmdastjóra WHO, að fenginni ráðgjöf neyðarnefndar samkvæmt alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni. Slík yfirlýsing getur verið tímabundin og er endurmetin eftir því sem staðan þróast. Þegar aðstæður breytast og alþjóðleg neyðarstaða er ekki lengur talin vera fyrir hendi getur WHO aflýst yfirlýsingunni, líkt og gert var vegna COVID-19 í maí 2023.

Frá því að alþjóðaheilbrigðisreglugerðin tók gildi hafa nokkrir ólíkir atburðir verið skilgreindir sem PHEIC. Þeir hafa meðal annars varðað nýja inflúensuveiru, alþjóðlega hættu á útbreiðslu mænu-sóttar, ebólufaraldra, Zika-veiru, COVID-19 og MPX veirusýkingu (apabólu). Þetta sýnir að PHEIC getur átt við um mjög ólíkar aðstæður. Stundum er um að ræða sjúkdóm sem dreifist hratt milli landa, stundum hættu á að útrýming sjúkdóms takist ekki, og stundum nýja eða breytta faraldsfræðilega stöðu sem kallar á aukna alþjóðlega samhæfingu, rannsóknir, vöktun eða stuðning við ríki þar sem faraldur stendur yfir.

Atburður	Tímabil	Meginástæða yfirlýsingar PHEIC
Inflúensa A(H1N1)	2009–2010	Ný inflúensuveira dreifðist hratt á milli landa og olli heimsfaraldri.
Mænusótt	2014–enn í gildi	Hætta á alþjóðlegri útbreiðslu og að markmið um útrýmingu mænusóttar næðust ekki.
Ebóla í Vestur-Afríku	2014–2016	Stór og alvarlegur faraldur í nokkrum ríkjum með alþjóðleg áhrif.
Zika-veira	2016	Tengsl við meðfædda galla, einkum heilaskaða, vöktu sérstakar áhyggjur.
Ebóla í Lýðstjórnar-lýðveldinu Kongó	2019–2020	Alvarlegur faraldur á svæði með flóknar öryggis- og heilbrigðisaðstæður.
COVID-19	2020–2023	Nýr kórónuveirufaraldur með víðtæka og hraða alþjóðlega útbreiðslu.
MPX veirusýking	2022–2023	Óvenjuleg fjölþjóðleg útbreiðsla utan þeirra svæða þar sem sjúkdómurinn hafði áður helst greinst.
MPX veirusýking	2024–2025	Ný aukning tilfella og útbreiðsla í Afríku, m.a. vegna nýs afbrigðis.
Ebóla af völdum Bundibugyoveiru	2026–enn í gildi	Faraldur í Mið-Afríku með óvissu um umfang, útbreiðslu og þörf fyrir alþjóðlega samhæfingu.

PHEIC er því ekki aðeins lýsing á tilteknum sjúkdómi heldur formlegt alþjóðlegt mat á því að atburður geti haft áhrif á lýðheilsu þvert á landamæri og kalli mögulega á samstillt viðbragð ríkja. Fyrir almenning þýðir slík yfirlýsing ekki endilega að hætta sé yfirvofandi hér á landi, heldur að stjórnvöld og heilbrigðisyfirvöld fylgist sérstaklega með stöðunni, meti áhættu og grípi til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur.

- [Amended International Health Regulations enter into force.](#)
- [Emergencies: International health regulations and emergency committees.](#)

Herferðin hefur einnig verið sett upp sem **farandgötusýning** sem ferðast milli borga í Evrópu. Hún hófst í Vín og hefur síðan opnað í Varsjá, Brussel, Lyon, Róm og loks Madrid. Ákveðið hefur verið að halda sambærilega sýningu í Austurstræti frá 20. júní á þessu ári og frameftir sumri, þar sem verk allra þátttökulandanna eru sýnd. Sýningin er liður í að gera skilaboð herferðarinnar aðgengileg fyrir almenning og útskýra mikilvægi samstilltra aðgerða gegn sýklalyfjaónæmi. Nánari upplýsingar um sýninguna verða birtar á vefsíðu embættis landlæknis og samfélagsmiðlum.

- [EU-JAMRAI Sketching AMR](#)



Samfjármagnað af
Evrópusambandinu